



520. fundur Þingvallanefndar

22. október 2025 kl 11.30

Vatnskot í húsi Alþingis Smiðju.

Mætt: Ása Berglind Hjálmarsdóttir varaformaður, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Guðbrandur Einarsson, Vilhjálmur Árnason, Karl Gauti Hjaltason og Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður.

Sigurður Helgi Pálmason formaður og Sigurður Ingi Jóhannsson voru fjarverandi.

Ása Berglind varaformaður stýrði fundi.

Dagskrá

1. Umsókn Kaleó um tónleikahald sumarið 2026
Samningur/viljayfirlýsing vegna tónleikahalds 20. júní 2026
Þjóðgarðsvörður kynnir drög að viljayfirlýsingu vegna viðburðarhalds/tónleika 20. júní 2026.
Samningur um viðburð kemur ekki til skoðunar eða umsagnar hjá nefndinni, fyrr en fyrir liggur ítarleg greining og skipulagning viðburðar frá umsækjanda og afstaða annara umsagnaraðila.
2. Heimsminjar og alþjóðasamstarf þjóðgarðsins á Þingvöllum
Þjóðgarðsvörður kynnir uppbyggingu heimsminja, helstu hugtök sem tengjast heimsminjamálum, stöðu Þingvalla og öðru alþjóðasamstarfi. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er aðili að samtökum norrænna heimsminjastaða og hefur þjóðgarðsvörður verið formaður þeirra samtaka í fjögur ár.
Fundi slitið.